



Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

***Umsögn starfshóps um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi
Reykjavíkurborgar um tillögu Flokks fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum -
R21010298***

Starfshópurinn fagnar því að áhersla sé lögð á jafnréttisfræðslu í skólum og að verið sé að huga að röddum barna og ungmenna í þeim efnum, sbr. tillögu ungmennaráðs Árbæjar og Holta um aukna jafnréttisfræðslu fyrir börn og ungmenni sem var lögð fram á fundi borgarstjórnar 12. maí 2020 og vísað til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Starfshópurinn telur einnig mikilvægt að taka undir það að þrátt fyrir að jafnréttislög frá árinu 1976 hafi kveðið á um jafnréttisfræðslu í skólum og að aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 skilgreini jafnréttis sem grunnstoð og fjalli nokkuð ítarlega um jafnréttismenntun, þá sé mikilvægt að rýna í það hvernig jafnréttisfræðslu er háttað sem og í kennsluefnið á því sviði sem stendur starfsfólki, börnum og ungmönnum til boða.

Á sameiginlegum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2020 var samþykkt að stofna starfshóp um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að helstu verkefni hans eru m.a. að:

- Kortleggja kennsluefni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræðslu sem stendur starfsfólki til boða og nýtingu á því
- Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræðslu
- Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum
- Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglinga

Af ofangreindu er ljóst að hlutverk og verkefni starfshópsins ná að mestu yfir tillögur Flokks fólksins um úttekt á jafnréttisfræðslu í skólum. Þó er ljóst að úttekt á því hvernig jafnréttisfræðsla hefur þróast undanfarna áratugi er ekki á borði starfshópsins og myndi kalla og aðra og viðamikla vinnu. Hlutverk starfshópsins, eins og það er skilgreint í erindisbréfi hans, kemur þó eflaust heim og saman við tillögu Flokks fólksins, en það er *Að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og bæta við þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum*. Starfshópurinn er að störfum um þessar mundir og mun að vinnu sinni lokinni skila skýrslu og tillögum til úrbóta um kynja- hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar til skóla- og frístundaráðs og

mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og fræistundasviðs